

Alþingi  
Erindi nr. P 140/2185  
komudagur 8.S. 2012

## Athugasemdir vegna Rammaáætlunar

Kristín Guðrún Jónsdóttir [krjons@hi.is]

**Sent:** 8. maí 2012 22:01

**Viðtakandi:** Nefndasvið umsagnir

---

Athugasemdir vegna Rammaáætlunar

Ég undirrituð, Kristín Guðrún Jónsdóttir, er mótfallin því að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun og tel að það eigi frekar heima í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni við höfuðborgina og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn. Einnig má geta þess að mikill fjöldi ferðamanna kom á svæðið síðastliðið sumar (um 120 þús.).

Það er einfaldlega rangt - ef ekki galið - að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði á tímum þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt er að ferðast um langan veg til að njóta óspilltrar náttúru. Náttúruvæði í námunda við þéttbýli hafa aldrei verið verðmætari en einmitt nú.

Eldvörp ættu einnig skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess má ekki undir nokkrum kringumstæðum hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálftrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.

Virðingarfyllst,

Kristín Guðrún Jónsdóttir  
kt. 071058-3019  
Fálkagata 18A  
107 Reykjavík